



Kópavogsbær

Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 26. apríl 2024

Efni: Niðurstöður valnefndar 2024

Til forvarnarsjóðsins bárust 7 umsóknir að þessu sinni. Valnefnd fundaði og fór yfir þær með hliðsjón af eftirfarandi atriðum sem koma fram í 4. gr. í reglum forvarnarsjóðs:

4.gr. Styrkúthlutanir

Markmið Forvarnarsjóðs er að veita einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum styrki til verkefna sem hafa það að leiðarljósi að efla forvarnir, heilsu og vellíðan Kópavogsbúa. Styrkir úr sjóðnum skulu eingöngu veittir til verkefna með að minnsta kosti eina af eftirtöldum áherslum:

1. Forvarnir og heilsuefling í þágu barna og unglinga
2. Forvarnir í þágu eldri borgara
3. Bætt lýðheilsa
4. Verkefni sem innifela samstarf íbúa, félagasamtaka og fyrirtækja í þágu forvarna
5. Verkefni sem mæta þeim áherslum sem menntaráð setur hverju sinni

Ekki er veittur styrkur til reglubundins reksturs eða reglubundins launakostnaðar eða til sama verkefnis oftar en einu sinni nema sérstakur rökstuðningur fylgi.

Tillaga að áherslu menntaráðs 2024

Lögð verði áhersla á verkefni sem tengjast greinum Barnasáttmálans, Lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, málefni barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- menningarlegan bakgrunn og Menntastefnu Kópavogsbæjar.

Eftirfarandi áherslur voru hafðar að leiðarljósi við val á verkefnum:

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

2.gr.

Almenn þjónusta í þágu farsældar barns: Allt skipulagt starf annarra en þjónustuveitenda sem á þátt í að stuðla að farsæld barns, t.d. þjónusta



sjálfstætt starfandi sérfræðinga, íþrótt-, lista- og æskulýðsstarf og starfsemi frjálsra félaga- og hagsmunasamtaka.

Menntastefna Kópavogsbæjar

M.1 Námsumhverfi sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi

M.1.3 Virk þátttaka barna í ákvörðunartöku

Markviss uppbygging þekkingar, hæfni og viðhorfa styrkja getu barna til að vera gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðisþjóðfélagi. Með ástundun lýðræðis í öllu námi eflist félagshæfni og börn læra að hlusta og bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum og móta sínar eigin. Sérstaklega verði hugað að mótun leiða til að hlusta á raddir barna og þau hvött til áhrifa og ábyrgðar um málefni sem varða þeirra eigið líf, nám og mótum samfélags.

M.1.4 Virðing fyrir fjölbreytileika og ólíkum menningarheimum

Samfélagsþátttaka krefst þekkingar og skilnings á ólíkum menningarheimum, færni í framkomu og samskiptum, umburðarlyndis og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Áhersla er á öll börn verði læs á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru. Gott aðgengi að upplýsingum fyrir íbúa sem ekki hafa íslensku að móðurmáli skal sérstaklega tryggt og útfærsla leiða við móttöku nýrra íbúa stuðla að góðri aðlögun og vellíðan. Viðhaft verði skipulagt samráð við fjölskyldur barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn um nám í leik- og grunnskóla, virkar þátttöku í frístunda- og íþróttastarfi og hvers kyns menningarstarfi.

Barnvænt sveitarfélag

Kópavogsbær er komin í alþjóðlegan hóp barnvænna sveitarfélaga. Kópavogsbær sinnir metnaðarfullri vinnu við að viðhalda viðurkenningu UNICEF sem barnvænt sveitarfélag. Sem barnvænt sveitarfélag er rík áhersla á að vinna eftir greinum Barnasáttmáls og er þá sérstaklega horft til grunnstoða Barnasáttmálans, sem eru eftirfarandi greinar;

- 2.grein sem fjallar um jafnræði og enga mismun.
- 3.grein sem fjallar um að við gerum ávallt það sem er barninu fyrir bestu.
- 6.grein sem fjallar um rétt barns til að lifa og þroskast.
- 12.grein sem fjallar um rétt barns til að tjá sig.

Tillögur valnefndar

Valnefnd menntaráðs valdi þrjú verkefni sem hljóta styrk og uppfylla ofangreind viðmið. Þau verkefni eru:

1. Atli Albertsson – Æfingaforrit fyrir heilsuhringinn í Kópavogi.

Rökstuðningur fyrir vali; Verkefnið talar vel við áherslu Forvarnarsjóðs Kópavogs um bættu lýðheilsu sem og Lýðheilsustefnu Kópavogsbæjar um heilsueflandi samfélag.



Umsóknin var vönduð, markviss og verkefnið vandað. Meginmarkmið verkefnisins er að koma upp æfingaforriti til að nýta við heilsuhring í Kópavogi, og þannig bæta við æfingum þar sem áhersla er á liðleika, styrktar- og jafnvægisæfingar. Um leið og skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan íbúa í Kópavogi. Æfingum yrði miðlað með forriti sem virkar þannig að hægt er að skanna með QR kóða og þá opnast æfingarútína á internet vafra. Forritið er hannað fyrir símanotkun, og væri æfingarútínan sérsniðin fyrir svæði sem hún er sett upp fyrir, að þessu sinni bekki á gönguleið í heilsuhring Kópavogs. Til framtíðar væri hægt að setja sambærilegt upp við æfingataeki, sparkvelli, körfuboltavelli og víðar í Kópavogi. Þetta hefur ekki verið gert áður og með þessu verkefni væri Kópavogsbær leiðandi í því að miðla æfingum á rafrænan máta til íbúa sem ganga heilsuhringinn, einnig er hægt að þróa verkefnið þannig að það nýtist bæjarbúum á öllum aldri.

Lagt er til að verkefnið fái; 800.000 kr í styrk.

2. Félag eldri borgara í Kópavogi - Útrýma einsemd og einveru eldra fólks í Kópavogi.

Rökstuðningur fyrir vali; Verkefnið talar vel við áherslu Forvarnarsjóðs Kópavogs um forvarnir í þágu eldri borgara, verkefnalýsing skýr, markviss og umsókn vönduð. Meginmarkmið verkefnisins er að útrýma einsemd og einveru eldra fólks í Kópavogi, ásamt því að styrkja andlega og félagslega heilsu. Til að ná þessu markmiði vill Félag eldri borgara í Kópavogi auka við helgaropnanir í félagsmiðstöðvum eldra fólks. Með opnunum væri lögð áhersla á félagslegar samkomur þar sem fólk getur komið saman og átt góða stundir. Gildi verkefnisins er margbætt, en fyrir það fyrsta stuðlar helgaropnun að félagslegri virkni eldra fólks í Kópavogi og á sama tíma getur dregið úr andlegri vanlíðan. Það er mikil forvörn fólgin í því að hitta annað fólk og eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í góðum hópi. Það er upplifun Félags eldri borgara í Kópavogi að helgaropnanir skipta sköpun fyrir eldra fólk, og hversu mikilvægt það er að hafa aðgengi að félagslegri samveru um helgar. Opnanirnar verða skipulagðar með þeim hætti að sjálfbærliðar innan Félags eldri borgara í Kópavogi munu standa að opnunum. Með styrknum verður lögð áhersla á bjóða upp á fræðsluerindi, hreyfingu og skemmtiatriði öllum að kostnaðarlausu, það er gert til að þess að kostnaður hindri ekki þátttöku. Ákveðið er að veita Félagi eldri borgara í Kópavogi styrk til að efla það góða starf sem félagið hefur starfrækt og þannig styrkja starfseminna sem er um helgar, í þeirri von að draga úr einsemd eldra fólks í Kópavogi.

Lagt er til að verkefnið fái 400.000 kr í styrk.

3. Soroptimistaklúbbur Kópavogs- Bætt aðstaða Dvalar Samfélagshúss.

Rökstuðningur fyrir vali; Verkefnið talar vel við áherslu Forvarnarsjóðs Kópavogs um forvarnir í þágu ungs fólks og lýðheilsustefnu Kópavogsbæjar um geðrækt, þar sem Kópavogsbær leggur sig fram við að skapa aðstæður fyrir íbúa til að hlúa að andlegri heilsu. Umsóknin var skýr og greinagóð. Dvöl samfélagshús býður upp á umgjörð fyrir fólk sem vill brjótast úr félagslegri einangrun og sækja sér félagsskap. Áhersla í starfinu er að allir eru velkomnir, stuðla að bættum lífsgæðum, skapa umhverfi þar sem virðing og traust ríkir, og rjúfa félagslega einangrun fólks með andlegar- og geðrænar áskoranir. Fjölbreytt dagskrá er í boði við hæfi hvers og eins og boðið er upp á heitan mat í hádeginu gegn vægu gjaldi. Ákveðið var að veita Dvöl samfélagshús styrk til kaupa á útirólu og þannig bæta þannig umhverfið í kringum



Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

húsið, sem og styrkja kaup á spjaldtölvu. Soroptimistaklúbbur Kópavogs stendur að ýmsum góðum verkum í Kópavogi og samfélaginu öll. Klúbburinn leggur sig fram við að láta gott af sér leiða og áherslur í starfi klúbbsins samræmast m.a. Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um heilsu og vellíðan, og aukinn jöfnuð.

Lagt er til að verkefnið fái 400.000 kr í styrk.

Virðingarfyllst,

Amanda K. Ólafsdóttir
Deildastjóri frístundadeildar

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar

Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08.2026